

Annar fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 12. febrúar 2015

kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Halldór Jónsson og Gísli Guðmundsson.

Katrín ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Byrjað á máli númer 2. Bréf dagsett 26. Janúar frá óbyggðanefnd þar sem tilkynnt er um meðferð óbyggðanefndar á svæði 9. **Oddvita falið að kynna sér kröfugerðina þegar hún liggur fyrir og bregðast við í samræmi við hana.**
2. 32. fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 9. febrúar 2015.
 - a) 2 og 4 liður fundargerðarinnar. **Oddviti lýsir sig vanhæfan við afgreiðslu þessara liða og samþykkir nefndin það. Halldór Sigurkarlsson tekur sæti og varaoddviti tekur við stjórn fundarind. Samþykkt.**
 - b) Aðrir liðir fundargerðarinnar. **Samþykktir. Halldór vikur af fundi og Eggert tekur sæti sitt að nýju.** Halldór Sigurkarlsson (sign)
3. Málefni eldri borgara í sveitarfélaginu. **Farið yfir heimsókn hreppsnefndar í Brákarhlíð og önnur atriði sem varða málefni aldraðra í sveitarfélaginu. Oddvita falið að taka saman upplýsingar um réttindi sem að öldruðum snýr.**
4. Málefni brunavarna í sveitarfélaginu.
 - A) Lagður fram samningur um brunavarnir við Borgarbyggð.
 - B) Farið yfir ferð björgunarsveitarinnar um sveitina þar sem skipt var um batterí ásamt skoðun á öðrum hlutum. **2008 var farið með 6 kg slökkvitæki 2 reykskynjara og eldvarnateppi. Síðan þá hefur verið skipt um rafhlöður. Fæstir íbúar hafa látið yfirfara slökkvitækin og mikilvægt að það verði gert. Ákveðið að senda fyrirspurn til björgunarsveitar um áhuga á eftirfylgninni.**
 - C) Ípróttahús, úttekt Bjarna og Jökuls frá 9. Febrúar 2015. **Til að hægt verði að vera með gistingu í ípróttahúsinu þarf að laga nokkur atriði. Oddvita falið að skoða rekstrarleyfi sem í gildi er og taka fyrir aftur.**
5. Tilnefning fulltrúa Eyja og Miklaholtshrepps í stjórn Norska hússins. **Lagt til að Gísli Guðmundsson verði aðalmaður og Þórður Runólfsson til vara.**
6. Tryggingar sveitafélagsins. **Samþykkt að fá fyrirtækið Áhættulausnir til að meta tryggingarþörfina og undirbúa útboð á tryggingum sveitarfélagsins.**
7. Drög að samning við momentum ehf og gjaldheimtuna um innheimtubjónustu fyrir sveitarfélagið. **Samþykkt.**
8. Innistæður sveitafélagsins og ávöxtun þeirra. **Farið yfir vexti á reikningum hreppsins. Það sem er á bundnum reikningi í Arionbanka er laust í mars. Ákveðið að færa það á reikning sem er óbundinn fram í ágúst og meta stöðuna þá stöðuna á ný.**
9. Húsaleigusamningur við Félagsbúið Miðhrauni vegna íbúðar á annari hæð í Laugargerðisskóla. **Samþykktur.**
10. Ljósastaurar. **Samþykkt að greiða rafmagn fyrir árið í lok þess.**
11. Snjómokstur í Eyja og Miklaholtshrepp. **Ákveðið að fá drög að útboðsgögnum til að skoða framhaldið.**

12. Eignarhlutur sveitarfélagsins í hundahreinsunarhúsi í landi Stekkjarvalla. **Samþykkt að afsala sér hlut sveitarfélagsins til landeigenda.**
13. Framkvæmdaráð Snæfellsnes.
 - A) Þjónustusamingur við náttúrustofu vesturlans. **Samþykktur.**
 - B) Fundargerð framkvæmdaráðs.
14. Svæðisgarðar Snæfellsnes. **Ákveðið að fá kynningu á því fyrir íbúa.**
15. Erindi frá F- listanum og varðar gjaldskrá vegan útleigu á Laugargerðisskóla. **Ákveðið að samræma gjaldskrá fyrir skólann og Breiðablik.**
16. Erindi frá F- listanum og varðar uppsett leiktækja á lóð Laugargerðisskóla. **Oddviti fór yfir málið og lagði til að Jökull verði fenginn til að taka út leiksvæðið.**
17. Innkaupareglur Eyja og Miklaholtshrepps seinni umræða. **Samþykkt.**
18. Yfirferð um sveitarfélagið þar sem borið er saman skráning í fasteignamati og stöðuna á hverjum stað fyrir sig. **Ákveðið að fá Jökul til að yfirfara alla sveitina í þessum málum.**

Farið yfir mál sem eru í gangi.

- Kaup á eignum annara sveitarfélaga í Laugargerðisskóla. **Oddvita falið að vinna áfram í málinu.**
- Verkefnið Betra ljós. Oddviti kynnti stöðuna bæði hjá okkur og ríkinu og ákveðið var að bíða eftir útkomunni hjá ríkinu. **Ákveðið að styðja við Hringiðuna um kr. 200.000,- til að viðhalda þjónustu meðan beðið er.**

Fundargerðir lagðar fram til kynningar:

19. Fundargerð 824. Fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
20. Fundargerð 114 fundar stjórnar SSV frá 28.01.2015
21. Opinber útgáfa fundargerðar 147. Fundar félm.n Snæfellinga 13.01. '15

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Gísli Guðmundsson (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)